



# SÁLFRÆÐI

BSc-NÁM

HÁSKÓLANÁM  
TÆKIFÆRI  
HAGS  
PÜ  
LÍFSGÆÐI



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST



BSc-nám í sálfræði við HR er þriggja ára fjölþætt og krefjandi grunnnám sem er skipulagt út frá viðmiðum Breska sálfræðingafélagsins (BPS Accreditation Standards).

„Námið er sérstaklega hannað til að koma til móts við ströngustu alþjóðlegar kröfur.“

*Jack James, PhD  
gestaprófessor við sálfræðisvið HR*

„Nemendur fá tækifæri til að taka þátt í rannsóknum kennara m.a. á sviði heilsusálfræði.“

*Heiðís Valdimarsdóttir, PhD  
prófessor við sálfræðisvið HR*

## SÁLFRÆÐI VIÐ HR

Uppbygging námsins felst í því að kenna öll helstu svið sálfræðinnar, þar á meðal lífeðlislega sálfræði, hugræna sálfræði, þroskasálfræði, sálfræði einstaklingsmunar, félagssálfræði og rannsóknaraðferðir. Til viðbótar taka nemendur valnámskeið innan annarra deilda HR og geta þannig lagt áherslu á heilsusálfræði, vinnusálfræði eða gervigreind.

Í náminu er fjölbreyttum náms- og kennsluaðferðum beitt, þar á meðal verkefnavinnu, rannsóknarstofuvinnu, vefnámi, lausnaleitarnámi, samvinnunámi og vettvangsnámi. Kennslan fer að nokkru leyti fram á ensku og öðlast nemendur þar af leiðandi færni í að vinna verkefni á ensku. Þar að auki eiga nemendur kost á að taka þátt í skiptinemaáætlun HR sem gerir þeim kleift að ljúka hluta af námi sínu erlendis.

Í samræmi við markmið Háskólans í Reykjavík um að tryggja að allir nemendur njóti eins góðrar kennslu og mögulegt er leggur sálfræðisvið sérstaka áherslu á faglega kennslu í smærri hópum og einstaklingsmiðaða leiðsögn. Fjöldi í hverjum árgangi er þannig takmarkaður. Kennarar sviðsins standa framarlega á alþjóðavettvangi á fagsviðum sínum og lögð er áhersla á að rannsóknir þeirra styrki kennsluna.

- Fjölþætt og krefjandi grunnnám.
- Byggir á alþjóðlegum viðmiðum og reynslu.
- Spennandi val í heilsusálfræði, vinnusálfræði og gervigreind.
- Fjölbreyttar námsaðferðir og vettvangsnám.
- Þátttaka í rannsóknarstarfi.
- Öflugt alþjóðlegt samstarf.
- Kennsla í smærri hópum og einstaklingsmiðuð leiðsögn.

# SÁLFRÆÐI TIL BSc-PRÓFS

3ja ára nám, 180 ECTS einingar



## 1. ÁR HAUSTÖNN

Félagssálfræði  
Líffræði og atferli  
Námssálfræði  
Rannsóknaraðferðir og tölfærði I  
Vinnulag í háskólanámi

## VORÖNN

Hugræn sálfræði og skynjunarsálfræði  
Einstaklingurinn og samfélagið  
Sálfræði einstaklingsmunar  
Proskasálfræði  
Val

## 2. ÁR HAUSTÖNN

Hugsun, minni og tungumál  
Rannsóknaraðferðir og tölfærði II  
Stefnur og straumar í sálfræði í sögulegu ljósi/Val\*  
Hagnýt atferlisgreining/Klínísk sálfræði\*  
Vettvangsnám/Val

## VORÖNN

Áhrifaþættir þroska  
Tilraunir í sálfræði  
Rannsóknaraðferðir og tölfærði III  
Jákvæð sálfræði/Lífeðlisfræðileg sálfræði\*  
Vettvangsnám/Val

## 3. ÁR HAUSTÖNN

BSc-rannsóknarverkefni  
Hugræn taugavísindi  
Stefnur og straumar í sálfræði í sögulegu ljósi/Val\*  
Hagnýt atferlisgreining/Klínísk sálfræði\*  
Vettvangsnám/Val

## VORÖNN

BSc-rannsóknarverkefni  
Heilsusálfræði  
Jákvæð sálfræði/Lífeðlisfræðileg sálfræði\*  
Vettvangsnám/Val

\*Námskeið kennd annað hvert skólaár. Nemendur á 2. og 3. ári taka námskeiðin saman.



„Mér til mikillar ánægju var Háskólinn í Reykjavík að hefja kennslu í sálfræði haustið 2009. Námið heillaði mig mjög mikið, ekki síst áherslan sem lögð er á þverfaglegt nám í HR. Aðstaðan, umhverfið og uppbygging á rannsóknarsetrum, auk stuðnings við nýsköpun er ástæða þess að ég kaus að stunda sálfræði við HR. Það eru forréttindi að fá að vera í hópi þeirra fyrstu sem leggja stund á nám í sálfræði við HR.“

*Rakel Sölvadóttir,  
nemandi í sálfræði við HR*

„Sálfræði við HR er mjög skemmtilegt og krefjandi nám. Það er auðvelt að sjá hagnýtingu námsins í daglegu lífi. Mjög áhugavert er að læra um mannleg samskipti og spá í af hverju við erum eins og við erum. Kennslan er lifandi og býður upp á skemmtilegar umræður auk þess eru kennararnir frábærir og óhræddir við að ausa úr viskubrunni sínum. Stór kostur við sálfræðina er hve hópurinn er lítill sem gerir námið persónulegt og skemmtilegt. Félagslífið í HR er einnig mjög gott og alltaf eitthvað spennandi í boði.“

*Einar Trausti Einarsson,  
nemandi í sálfræði við HR*

„Mér finnst frábært að allir sálfræðinemar fái tækifæri til að fara í vettvangsnám. Ég fór í vettvangsnám hjá Fangelsismálastofnun og fékk þar að sinna verkefnum með sálfræðingum sem þar starfa. Störf þeirra eru fjölbreytt og áhugaverð. Má þar nefna klíniska nálgun er varðar andlega líðan fanga og réttarsálfræðilega nálgun þar sem markmiðið er að draga úr ítrekun afbrota þeirra.“

*Erla Guðmundsdóttir,  
nemandi í sálfræði við HR*

## Nánari upplýsingar:



Bryndís Björk Ásgeirsdóttir  
Forstöðumaður BSc-náms í sálfræði  
bryndis@hr.is  
Sími 599 6432



Hrund Steingrimsdóttir  
Verkefnastjóri  
hrund@hr.is  
Sími 599 6303